



Fréttabréf Brekkuskóla

23. febrúar 2009
4. tbl. skólaárið 2008 - 2009
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Skólastarfið hefur að undanförnu einkennst af **árshátíðum** einstakra árganga. **Uppbyggingarstefnan** lítur smám saman dagsins ljós í daglegu amstri og nokkrir bekkir eru farnir að skoða grunnþarfinnar og gera með sér sáttmála. Starfsfólk hefur yfirfarið skólareglur og almennar umgengnisreglur. Svokölluð "skýr mörk" hafa verið skoðuð gaumgæfilega og eru þessa dagana í og lokafrágangi. Það sem gerist í framhaldi af því er að "skýru mörkin" eru kynnt nemendum, en þau koma að stórum hluta í stað nokkurra skólareglna. Skólareglunum mun því fækka í kjölfarið. Þegar nemendur fara yfir mörkin er þeim kynnt að velja má um tvær leiðir. Annars vegar að fá tækifæri til að leiðrétta mistök sín og hins vegar að velja þá leið að fá foreldra sína til liðs við sig við leiðréttinguna. Oftar en ekki velja þau leiðina að leiðrétta mistök sín og þeim er ekki velt upp úr mistökunum í kjölfarið. Endurtaki nemandi misgjörðir sínar er ekki lengur val um tvær leiðir.

Olweusarverkefnið gengur vel og hafa nemendur nýverið fengið að sjá leikin myndbönd þar sem dæmi um birtingu eineltis koma fram. Umsjónarkennarar taka síðan umræðu um einstök viðfangsefni á bekkjarfundum og í umsjónartímum. Niðurstaða Olweusarkönnunar sem gerð var í skólanum í lok síðustu annar leiðir í ljós að einelti í Brekkuskóla er langt undir viðmiðunum eða um 5%. En 5% er að sjálfsögðu of mikið og því höldum við ótrauð áfram. Sjá nánari umfjöllun um könnunina annars staðar í blaðinu.

Nokkur verkefni eru unnin innan skólans í samstarfi við **Skólaþróunarsvið HA**. Í 1. bekk er verið að leggja áherslu á samvinnunám, í 4. bekk eru verkefni tengd íslensku og lestri og almennt er verið að greina námsmat skólans. Auk þessa leggur háskólinn okkur lið við sjálfsmat stofnunarinnar. Skólinn leggur áherslu á námsmat þessa önnina sem jafnframt er meginviðfangsefni sjálfsmatsins á vorönn 2009.

Við höfum fengið til okkar góðar **heimsóknir** í skólann. Skólastjórnendur á Dalvík komu til okkar sem og kennaranemar frá Háskóla Íslands. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er væntanleg í byrjun mars til okkar og ætla hún að kynna textann og lagið "Suðurnesjamenn" fyrir nemendum í 1.-7. bekk í samstarfi við kennara skólans.

Forvarnarverkefnið **POL** var kynnt nemendum, kennurum og foreldrum unglingadeilda nú í febrúar og væntanlegur er fyrirlestur um örugga netnotkun barna og unglinga frá SAFT. Sjá auglýsingu hér aftar í blaðinu.

Útivistardagurinn á sprengidag er á sínum stað og að þessu sinni verða það göngu-, sleða- og sundferðir sem eru mest áberandi.

Framundan er vetrarfrí dagana 25. - 27. febrúar og í mars eru tvær síðustu árshátíðir árganga. Morgunmóttökur eru framundan hjá 3. og 4. bekk.

Miðað við forskráningu og innritanir í Naustaskóla bendir allt til þess að nemendum í Brekkuskóla fækki um 60 nemendur. Ekki er orðið ljóst hversu mörgum bekkjardeildum fækka í kjölfarið, en við munum upplýsa foreldra um leið og það liggur fyrir.

Brosu með hjartanu!

Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri

Framundan...

23. febrúar Bolludagur
Furðufata- og náttfatadagur
SAFT foreldrafundur kl.18:00

24. febrúar Sprengidagur
Útivistardagur

25. febrúar
Öskudagur - ball fyrir 1. - 4. bekk
Vetrarfrí

25.- 27. febrúar
Vetrarfrí

12. mars
Árshátíð hjá 2. bekk

26. mars
Heimsókn frá Naustastjörnn

12. mars
Árshátíð hjá 2. bekk

16. mars
Morgunmóttaka hjá 3. bekk

27. mars
Morgunmóttaka hjá 4. bekk

2. apríl
Þjóðhátíð hjá 3. bekk
Heimsókn frá Hólmasól og
Pálmholti

3. apríl
Síðasti skóladagur fyrir *páskafrí*

14. apríl
Starfsdagur - frí hjá nemendum

Kennsla hefst aftur þriðjudaginn
15. apríl samkvæmt stundaskrá.



Brekkuskóli

v/Skólastig
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is
brekkuskoli@akureyri.is

Öskudagsball

Foreldrafélagið í samstarfi við 10. bekk heldur
öskudagsdansleik í Brekkuskóla fyrir 1. - 4. bekk á
öskudag milli kl. 13 og 15.

Farið verður í ýmsa dansleiki. Vöflusala í matsal skólans.
Hvetjum foreldra til að mæta með nemendum.

Foreldrafélagið og 10. bekkur



Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Helstu niðurstöður í könnun um tölvunotkun

Þátttakendur voru nemendur í 7. - 10. bekk skólans
Könnunin náði til tölvunotkun innan og utan skóla. Í ljós kom að tölvunotkun fer að langmestu leiti fram heimavið og að 53,4% nemenda hafa tölvu alveg út af fyrir sig. 47,5% nemenda eru með tölvurnar í sínu herbergi.

Í skólanum eru tölvur einkum notaðar í sérstökum tölvutímum eða í vali, en aðrar námsgreinar sem styðjast við tölvu- og upplýsingatækni eru samfélagsfærðigreinar, enska og íslenska. 60 - 90 % nemenda telja sig færa í langflestum þeim þáttum tölvufærni sem spurt var um. Forritunarfærni skoraði langlægst.

26% nemenda segjast nota tölvur í 2 - 5 klst. á viku og tæp 16% nemenda segjast nota tölvur í 21 klst. eða meira á viku eða alls 28 nemendur.

100% nemenda nota spjallforrit og 97% nemenda nota tölvupóst til samskipta. 93% nemenda fara í leiki í tölvum. 99% heimila nemenda hafa internetaðgang. Helstu líkamlegu einkenni sem nemendur kvarta undan varðandi tölvunotkun í þeim mæli að þau telja miðlungsvandamál eða meira, er höfuðverkur, augnverkur, bakverkur og eymsli í hálsi. Þessir nemendur voru um 20 - 30% þeirra sem svöruðu.

7% nemenda telja sig hafa orðið fyrir stríðni eða illkvittnum tölvusamskiptum. 4,6% nemenda telja kynferðislega áreitni t.d. í spjalli í tölvusamskiptum vera miðlungsvandamál eða meira.

16,3% nemenda telja það vera miðlungsvandamál eða meira hvað þau eyða miklum tíma á Netinu og finnst það koma niður á námi, samskiptum við vini eða fjölskyldu.

Athygli vekur að 95,5% nemenda í 7. - 10. bekk skólans eiga farsíma alveg fyrir sig.

Miðað við þessar niðurstöður er rík ástæða til að vera á varðbergi varðandi tölvunotkun nemenda og hvetjum við foreldra til að fylgjast með netnotkun og þeim tíma sem nemendur verja í tölvu hjá börnum sínum. Einnig vekjum við athygli á leiðbeiningum sem hægt er að nálgast á vef SAFT www.saft.is Einnig vekjum við athygli á fræðslu um þessi mál í dag. Sjá nánar auglýsingu hér til hliðar.

Öryggi barna á netinu

Síðustu misserin hefur eftirspurn eftir fræðslu frá Heimili og skóla um örugga netnotkun aukist gríðarlega. Því hafa samtökin í samstarfi við Símann ákveðið að bjóða skólaráðum og foreldrafélögum að fá til sín erindi við sinn grunnskóla eða hverfamiðstöð þeim að kostnaðarlausu næstu vikurnar.

Erindi um öryggi barna og unglinga á netinu verður í Brekkuskóla mánudaginn 23. febrúar 2009 kl.18:00

Í erindinu er fjallað um netið sem upplýsingaveitu og tæki til samskipta og þær hættur sem þar kunna að leynast og mikilvægt er fyrir foreldra að þekkja. Til að foreldrar geti talað við börnin sín og leiðbeint þeim um öryggi og góða hegðun þurfa þeir að þekkja það umhverfi sem börnin eru í dags daglega. Leiðbeiningar um „umferðarreglur“ á netinu eru því orðnar eins konar hluti af uppeldishlutverkinu. Fjallað verður um tölfræðilegar upplýsingar, rafrænt einelti, friðhelgi einkalífsins, nettælingu og netvini, og hvernig foreldrar sjá netnotkun barnanna sinna og svo hvernig börnin upplifa netnotkun sína og samskipti sín við foreldra. Þá mun Símann kynna Netvarann, sem boðinn er viðskiptavinum Símans endurgjaldslaust.



Vetrarfrí

Vetrarfrí verður í Brekkuskóla dagana 25. - 27. febrúar 2009.

Nemendur mæti í skólann aftur mánudaginn 2. mars 2009 samkvæmt stundaskrá.



MUNIÐ HAFRAGRAUTINN ALLA MORGNA!

Uppbyggingarstefnan II

Í síðasta fréttabréfi kynntum við grunnhugmynd uppbyggingarstefnunnar. Hún byggir meðal annars á þarfahringnum, sjá meðfylgjandi mynd. Þegar nemendur hafa fengið kynningu á honum er kominn grundvöllur til að gera sáttmála í námshópum. Nokkrir bekkir í Brekkuskóla eru komnir á þetta stig.

Þarfahringurinn og þarfirnar

Við höfum öll grundvallarþarfir sem við stjórnnumst oft af og ráða því hvernig við hegðum okkur.

Dæmi um þarfir:


Öryggi - Fæði, skjól, öryggi...

Tilheyra - Vinátta, þykja vænt um, ást...

Áhrif - mikilvægi, virðing, hæfni, geta...

Gleði - ánægja, njóta, skemmta sér, læra og leika...

Frelsi - sjálfstæði, frjálsræði, valmöguleikar



Bekkjarsáttmáli

Bekkjarsáttmáli er settur upp af nemendum sjálfum með leiðsögn kennara. Nemendur safna saman hugmyndum um það hvernig þau sjálf sjá "Besta bekkinn". Síðan koma þau sér saman um megináherslur bekkjarins og gera um það sáttmála. Sáttmálinn inniheldur það sem þau vilja standa fyrir. Dæmi um bekkjarsáttmála er eftirfarandi:

- Við erum jákvæð
- Við erum vinir
- Við erum dugleg að halda umhverfinu snyrtilegu
- Við reynum alltaf að gera okkar besta

Við gerð sáttmálans reynir á kennara að draga saman með nemendum þau áhersluatriði eða yfirhugtök sem lýsa æskilegri hegðun eða framkomu sem bekkurinn vill hafa. Verkefnisstjóri uppbyggingarstefnunnar, Rut Indriðadóttir, hefur aðstoðað kennara við að byrja á þessari vinnu með nemendum.

Hafragrautur

Víkuna 2.- 6. mars 2009 verðum við með átak í að kynna hafragrautinn sem er á boðstólum alla daga fyrir skólatíma. Þessa viku ætlum við að bjóða hafragraut í fyrstu kennslustund. Þetta gerum við til að leitast við að auka aðsókn í grautinn.

Jafnhliða munum við gera könnun á viðhorfi nemenda og foreldra til þessa framtaks og til að kanna hvort skipulagið komi í veg fyrir að fleiri nýti sér grautinn.



Bolluvendir

Einn þeirra siða sem tilheyra bolludegi er að vekja heimilisfólkið með flengingu. Í katólskum sið var ösku dreift í kirkjum með einhvers konar vendi á öskudag og guðhræddir menn flengdu sjálfa sig með vendi í iðrunarskyni.

Við siðbreytinguna breyttust flengingarnar í þá skemmtun að flengja aðra og börn tóku upp þann sið.

Vatnsdeigsbollur

125 g smjörliki

2 dl vatn

125 g hveiti

3 - 4 egg



Smjörliki og vatn er soðið saman og hveiti er síðan hrært út í þangað til deigið er samfelld og þykkt. Takið pott af plötu og kælið deigið svolítið. Deigið er sett í hrærivélarskál og eitt og eitt egg síðan hrært saman við. Deigið á ekki að vera of þunnt og er síðan sett á plötu með skeið og hafa þarf gott bil á milli. Deigið dugur í 20 - 24 kökur. Bollurnar eru bakaðar í miðjum ofni við 180 í um það bil 20 mínútur. Munið að opna ekki ofninn meðan á bakstri stendur. Þær þurfa að vera vel bakaðar áður en þær eru teknar út úr ofninum því annars er hættu á að þær falli saman. Bollurnar mega heldur ekki vera of bakaðar því þá verða þær of þurrar. Berið bollurnar fram með sultu og rjóma og bræðið súkkulaði og setjið ofan á bollurnar.

Sprengidagur

Þriðjudaginn 24. febrúar er sprengidagur og þá hefur skapast sá siður að borða saltkjöt og baunir þar til maður er alveg að springa.

Saltkjöt og baunir

1½ l vatn vatn

1 kg saltkjöt

750 g gulrófur

200 g gular baunir

50 g hvítkál (má sleppa)

2 stk gulrætur (má sleppa)

1 stk laukur



Sjóðið baunirnar í 1 1/2 til 2 tíma. Saxið laukinn og sjóðið hann með (sumar baunir eru fyrst lagðar í bleyti í 2-3 klst). Sjóðið 1-2 saltkjötsbita í súpunni síðasta klukkutímann. Sjóðið restina af kjötinu í sér potti í um það bil 1 klst. Skerið gulrófurnar í bita og sjóðið með súpunni síðustu 30-45 mín. Skerið gulræturnar í sneiðar og hvítkálið í ræmur og sjóðið hvort tveggja í súpunni síðustu 15-20 mín. Þynnið baunirnar með soðinu af saltkjötinu eða með vatni, sé soðið of salt. Saltkjöt og baunir - tókall!

Öskudagur

Miðvikudaginn 25. febrúar er öskudagur. Á Akureyri er þessi dagur stórskemmtilegur og margir sem taka þátt. Krakkar fara í bæinn til að syngja fyrir fólk í fyrirtækjum og stofnunum og þiggja góðgæti að launum. Sleginn er köttur úr tunnu og furðufataböll eru haldin í sumum skólum.

Allir hlæja á öskudaginn,
ó, hve mér finnst gaman þá.
Hlaupa lítil börn um bæinn
og bera poka til og frá.

Á öskudaginn eru margir sem hengja öskupoka á vini sína í laumi. Hér er uppskrift að öskupoka.



Öskupoki

Sníðið stykki sem er 20 x 6 sm. á stærð.

Leggið stykkið saman í miðjunni, látið rönguna snúa út og varpið eða þræðið með þræðispori í báðar hliðar.

Brjótið inn á pokaopið og þræðið í kring. Snúið pokanum við og dragið opið saman.

Festið tituprjón við endann á þræðinum og þá er pokinn tilbúinn!

Athugið að það getur verið erfitt að fá tituprjóna sem hægt er að beygja. Í staðinn má nota litlar öryggisnælur.

Vísa eftir Herdísi Egilsdóttur

Á bolludegi fer ég með bolluvönd á kreik.

Mér alltaf þykir gaman að iðka þennan leik.

Ég bolla og bolla, á bossann á þér fast ég slæ,
bolla og bolla og bollu í laun ég fæ.

Já, bragðgóðar eru bollurnar, bollurnar, bollurnar,
já, bragðgóðar eru bollurnar, húllum hæ.

Á sprengidegi er bumban að springa hreint á mér,
því magnið er ei smátt sem í magann á mér fer.

Af saltkjöti og baunum ég saðningu í magann fæ,
af saltkjöti og baunum, ég saddur er og hlæ.

Já, bragðgóðar eru baunirnar, baunirnar,
baunirnar,
já, bragðgóðar eru baunirnar, húllum hæ.

Á öskudegi fer ég með öskupoka af stað
og elti menn og konur sem ekkert vita um það.

Hengi svo poka á hinn og þennan sem ég næ,
lauma á poka, læðist burt og hlæ.

Svo dingla þeir þarna pokarnir, pokarnir, pokarnir,
svo dingla þeir þarna pokarnir, húllum hæ.

Lag: Við erum söngvasveinar
Texti: Herdísi Egilsdóttir.